



Greinargerð vegna athugasemda við tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Stofnanareits Kirkjubraut 39 sem auglýst var 3. september 2020

1. Auglýst deiliskipulagstillaga:

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits vegna lóðarinnar við Kirkjubraut 39. Breytingin felst í að breyta húsinu úr því að vera verslunar og hótélbygging í að vera íbúðarhús með verslun og þjónustu á 1. hæð, bílageymsla og geymslur í kjallara. Hámarksnýtingarhlutfall fer úr 1,56 í 1,9.

Ein athugasemd barst innan tilskilins frests.

1. Kynningarferli

Haldinn var kynningarfundur 16. júlí 2020 þar sem fyrirbyggjandi tillaga að skipulagi var kynnt.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi þann 8. september að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Kirkjubrautar 39.

Tillagan var auglýst frá 22. september til 6. nóvember 2020, í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu, Skessuhorni og Póstinum.

2. Athugasemd við breytingu á deiliskipulagi – Kirkjubraut 39

Gerð er athugasemd við að skuggavarp yfir nærliggjandi hús, telja að húsið sé of hátt (14m). Hæð hússins valdi óásættanlegu skuggavarp yfir lóð hússins að Kirkjubraut 51.

Svar við athugasemd:

Deiliskipulag Stofnanareits vegna Kirkjubrautar 39 sem nú er í gildi var samþykkt í bæjarstjórn 28. maí 2019.

Deiliskipulagsbreytingin nú frá því skipulagi hefur ekki áhrif á þá þætti sem nefndir eru í athugasemdinni þ.e. fyrirhuguð hæð húss og skuggavarp.

Ennfremur má nefna að viðbúið er í þéttbýli að breytingar geti orðið á nærumhverfi.

Akranesi 30. nóvember 2020.

Greinargerð þessi var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs
mánudaginn 30. nóvember 2020

Breyting Deiliskipulag Stofnanareits –
Kirkjubraut 39
Málsnr. 2004155
Dags. 24. 11.2020



Akraneskaupstaður

Sigurður P. Harðarson

Sigurður Páll Harðarson
sviðstjóri skipulags- og umhverfissviðs